

stundum tónaður 144. sálmur Davíðs. En dygði eigi vígða vatnið, var þá gripið til hins vígða brauðs (hostian), og brást þá sjaldan bati. Algengar voru særingar sveitaklerka gegn skaðlegum dýrum, sem úlfum, refum, rottum, músum o. s. frv.

Hið erviðasta viðfangs af öllu, er fyrir gat komið, var það, er djöfsemi fór í einhvern manninn, sem þráfaldlega kom fyrir. Að vísu mátti reka hann út, en það var hvorki áhlaupaverk né með öllu hættulaust. Í gamalli kyrkjufornmálabók er framtekið skýrt og skorinort, „að hver sá, sem djöful vilji útreka, verði að hafa hreint hjarta og fara mjög varlega í sakirnar.“ En það próf gátu ekki allir klerkar staðist, og voru það því að eins sárafáir, er dirfðust að ganga svo í berhögg við þann gamla.

En auk þessara meinlausu hjátrúar varna kyrkjunnar reis upp önnur, er kostað hefir milljónir manna lífið, en það var RANNSÓKNARRÉTTURINN, er í fyrstu var skipaður til þess, að dæma vantrú og villukenningar, en varð brátt aðaldómstóll allra galdramála. Það var um miðja 13. öld, að nýafstöðnum ofsóknnum kaþólskunnar á sértrúarflokkana, er þar voru í landi (Valdensa og Albígensa). Galdrabrennur með málarekstri og pyndingum stóðu þar með miklum blóma allt til loka 14. aldar, að þingið franska tók í taumana (1390) og kvað svo á, að kærur fyrir galdra og gjörninga skyldi koma fyrir landsréttinn í stað kyrkjuréttar. Fór þá brátt að dofna yfir brennunum, unz að lokum alveg tók fyrir þær. Færðist þá ófognuður þessi yfir til nágrennaþjóðanna, eftir að Jesúitar komu til sögunnar, með hálfu meiri ákefð en áður.

Í Þýskalandi höfðu fá galdramál komið fyrir, meðan ósköpin gengu á í Frakklandi, en eftir árið 1484 byrja ofsóknirnar þar fyrir alvöru. Þá gefur Innocentius VIII. út hina alkunnu skipan, að útrýma og ofsækja alla gjörningamenn þar í landi. Umboð til þessa fékk hann tveimur munkum, er ráku erindi sín rösklega. Varð annar þeirra, Jakob Sprenger, nafnfrægur fyrir rit, er hann gaf út, „Galdrahamarinn“, þar sem farið var út í nákvæma lýsingu á öllum kuklaraskap og fólkis veittur mikill styrkur í galdrátrunaðinum.

Í fyrstu tóku Þjóðverjar þessu páfaboði mjög fálega, því bæði var galdratrú heldur í afturför þá, og svo voru almúga-